

Nd.

**275. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. frá 4. nóv. 1881.

Frumvarpið er eitt af skattánýmælum stjórnarinnar, og stafar eins og hin frá millipinganefndinni um fjármál landsins.

Athugasemdir stjórnarinnar við frumvarpið eru á þessa leið:

»Um afstöðu stjórnarráðsins til þessa frumvarps, sem er óbreytt eins og það kom frá fjármálanefndinni, visast til athugasemdanna við frumvarp til laga um einkarjett og einkaleyfi til kolasölu á Íslandi«.

Kolafrumvarpið var, eins og kunnugt er, af minnisstæðum ástæðum ekki

lagt fyrir Alþingi, enda voru ástæður stjórnarinnar fyrir því frumvarpi örstuttar, í einum 11 línum, og ekki sjerstaklega vikið að sildartollsfrumvarpinu fremur en hinum frumvörpum millipinganevndarinnar. Þaðan verða því ekki sóttar ástæður fyrir frumvarpinu.

Og er þá að líta á »athugasemdir« millipinganevndarinnar við frumvarpið. Þær eru á þessa leið:

»Til hægðarauka, og til þess að hafa meginmál frumv. sem stytst, er frv. þessu ætlað að verða viðaukalög við lögin um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. frá 4. nóvember 1881. Þetta fyrirkomulag er einnig í fullu samræmi við lögin um útflutningsgjald af hvalafurðum, frá 11. nóvember 1899. Gjaldhæðin á áburðar- og fóðurefnum er hjer ákveðin eins og af samskonar áburðar- og fóðurefnum, búnum til úr hvalbeinum og hvalkjöti. Hins vegar þykir ekki ástæða til að taka hærra útflutningsgjald af sildarlýsi en öðru lýsi, með því að þessi tegund er ekki verðmætari en t. d. alment þorskalýsi«.

Vjer höfum dregið hjer saman á einn stað allt það, sem stjórn og millipinganevnd hefir lagt til þessa máls, að undanteknum örstuttum inngangi, í 12 línum, í álitsskjali nefndarinnar á undan frumvarpinu, sem er í 3 örstuttum greinum, og leyfum oss nú að skýra háttv. deild frá álitinu voru.

Um búning frumvarpsins getum vjer ekki varist að geta þess, að oss finst það hefði verið eigi litill »hægðarauki« frá almennu sjónarmiði, ef nefndin hefði búið til eitt heildarfrumvarp úr öllum gildandi ákvæðum um útflutningsgjald og bætt við það nýmælum sínum. Útflutningsgjaldslögin eru svo mörg: lög nr. 16, 4. XI. 1881; lög nr. 10, 13. IV. 1894; lög nr. 8, 6. III. 1896; lög nr. 27, 11. XI. 1899; lög nr. 45, 13. XI. 1903; lög nr. 11, 31. VII. 1907 og lög nr. 18, 11. VII. 1911, að full þörf hefði verið á að draga hin gildandi ákvæði þeirra saman í eina heild, svo sem gert hefir verið nm gjöld af aðfluttum vörum, enda hefði millipinganevnd átt að hafa best tók á því.

Það er bert af niðurlagsorðunum í athugasemdum millipinganevndarinnar, að hún hefir álitnið sildarlýsi gjald/rjálst, svo sem stjórnarráðið og kvað hafa ætlað, og að hún hefir ætlað gjald af »almennu« (algengu) lýsi (þorskalýsi) 50 aurá af tunnu hverri. En hvorttveggja er tvímælalaust rángt. Sildarlýsi er gjaldskyllt samkvæmt lögunum frá 4. nóv. 1881, sbr. 2. gr., 6. lið: »af hverri tunnu lýsi«, og gjald af öðru lýsi en hvallýsi hefir verið og er 30 aurar af tunnu hverri.

Hinsvegar erum vjer millipinganevndinni fyllilega sammála um, að það sje »ekki ástæða til að taka hærra útflutningsgjald af sildarlýsi en öðru lýsi«, og ráðum því allir til að fella niður 1. gjaldlið 1. gr.

Og væri þá ekki annað eftir af greininni en nýmælin um 50 aurá gjald »af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli eða kökum« og 20 aurá gjald »af hverjum 100 kg. af áburðarefnum«. En þessar vörutegundir telur nefndin óþarft og jafnvel óheppilegt að gjaldskylda nú þegar, og eru ástæður vorar fyrir því einkum þessar: Gjaldið mundi draga landssjóð lítið, enda ekki svo mikið sem sennileg ágiskun fyrir hendi um það, hve miklu gjaldið mundi nema. Millipinganevndin segir að eins eina verksmiðju orðna til á Siglufirði til hagnýtingar sildar í nefndu skyni, en »í ráði að stofna (líkar) verksmiðjur á Suðurlandi og Vesturlandi«. Gjaldskylding á margnefndum vörum nú gæti því jafnvel orðið til þess að draga úr gjaldinu til frambúðar. Þá má og benda á það, að gjald á margnefndum vörum mundi aðallega, ef ekki eingöngu, lenda á Norðmönnum. En

nú hefir landsstjórnin, sbr. þingskj. nr. 81, í huga samningsumleitanir við stjórn Norðmanna um mikilsvert efni fyrir Íslendinga, og ekki ólíklegt, að háttv. deild vilji styðja stjórnina að því máli, sbr. þingskj. nr. 234. En væri nú að nauðsynjalausu lögtekið gjald, er aðallega lenti á Norðmönnum, þá mætti ætla, að það yrði fremur til að spilla góðum undirtektum af þeirra hendi undir mála-leitanir vorar, en til að greiða þeim götu.

Vjer ráðum því háttv. deild til að fella frumvarpið.

Neðri deild Alþingis, 15. ágúst 1912.

Eggert Pálsson,  
formaður.

Lárus H. Bjarnason,  
skrifari og framsögumaður.

Bjarni Jónsson,  
frá Vogu.

Valtýr Guðmundsson.

Björn Kristjánsson.

Jón Ólafsson.